



Reykjavík, 27. mars 2025

MIR24120009

Borgarráð

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppgjör við Fylki.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 14. mars 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. fund menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs dags. 13. desember 2024:

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að ráðist verði í uppgjör milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis samkvæmt samkomulagi þessara aðila frá 18. desember 2017. Samkvæmt umræddu samkomulagi var m.a. gert ráð fyrir því að Fylkir gæfi eftir æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls, sem félagið hafði til afnota um áratugaskeið. Reykjavíkurborg fengi æfingasvæðið til uppbyggingar en 20% af söluverði byggingarréttar á svæðinu, umfram 400 milljónir króna, færu til uppbyggingar og endurbóta á svæði Fylkis.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram málsmeðferðartillögu um að vísa tillögunni til borgarráðs sem var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar samstarfsflokkananna leggja til að málinu sé vísað til borgarráðs til meðerðar og úrvinnslu byggt á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Fylkis vegna uppbyggingar og endurbóta á íþróttasvæði Fylkis frá 18. des. 2017. Uppgjör hefur farið fram, en eftirstöðvar samnings sýna að Fylkir eigi inni óráðstafað rúmar 6 milljónir kr.

Virðingafyllst,

Steinþór Einarsson,
starfandi sviðsstjóri MÍR.



Reykjavík

20. okt. 2021 ÓJH

Til minnis vegna Fylkis

Samkvæmt samningi ættu að fara 523.131.000 í framkvæmdir á Fylkissvæði. Sjá meðf. útreikning um sölu lóða og heildarframlag.

Sala byggingaréttar

Hraunbær 133	227.200.000	Bjarg	45.000 kr/m ²
Hraunbær 143	356.900.000	Húsvirki	57.939 kr/m ²
Hraunbær 153	<u>381.555.000</u>	Bjarg	<u>45.000 kr/m²</u>
Samtals söluverð	1.015.655.000		

Framlag samkv. samningi

Samkvæmt samningi 400 m.kr.	400.000.000
20% af sölu byggingaréttar umfram 400. m.kr.	<u>123.131.000</u>
Heildarframlag skv. samningi	523.131.000

Kostnaður bókfærður

Greitt vegna Fylkissvæðis fyrir 2021	501.552.000
Greitt 2021 vegna Fylkissvæðis	<u>15.224.000</u>
Samtals þegar greitt	516.776.000

Eftirstöðvar samnings, óráðstafað	6.355.000
--	------------------